

	Hildur Friðriksdóttir félagsfræðingur
Menntun	BA í félags- og atvinnulífsfræði frá Háskóla Íslands 2002, MA gráða í félagsfræði frá HÍ 2004.
Vinnustaður	Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús.
Netfang og/eða farsími	hildurfr@simnet.is
Gerðist félagi	9. ágúst 2003
Viðfangsefni (störf/nám)	Í meistaranámi mínu og eftir að því lauk fékkst ég við ýmsar rannsóknir. Þær sneru allar að svipuðu viðfangsefni, þ.e. að kanna heilsufar, líðan og vinnuumhverfi nokkurra starfshópa eins og starfsmanna útibúa banka og sparisjóða, flugfreyja, kennara og hjúkrunarfræðinga. Áður hafði ég kannað sömu þætti meðal starfsfólks á fjármálamörkuðum. Sjálfst meistaraverkefnið var rannsókn á vinnustreitu og samþættingu fjölskyldulífs og atvinnu – eða með öðrum orðum rannsókn á álagi í og utan vinnu og tengingunni þar á milli.
Pælingar mínar tengdar vinnuvistfræði	Þegar ég kom inn í stjórn Vinnís áttaði ég mig enn betur en áður á því hversu víðtæk vinnuvistfræðin er. Í raun getur hún komið við sögu í öllum störfum því eins og segir í skilgreiningunni t.d. á heimasíðu Vinnís: „Í fyrirrúmi eru þarfir, vellíðan og öryggi fólks.“ Ekki verður annað séð en bæði starfsmenn og vinnuveitendur séu farnir að átta sig á því að vinnuumhverfið skiptir máli með tilliti til vellíðunar starfsmannsins, afkasta, ánægju og öryggis. Svartsýnispúkinn í mér óttast þó svolítið að þessum þáttum verði ekki sinnt eins vel og þörf er á þegar kreppa fer að í atvinnulífinu. Þess vegna er það hlutverk okkar, sem erum félagar í Vinnís, að hamra járníð meðan það er heitt og láta sjónarmið vinnuvistfræðinnar heyrast sem víðast og láta hendur standa fram úr ermum. Við þurfum að heyra miklu meira í arkitektum og öðrum hönnuðum, sálfræðingum og heilbrigðisstéttum, svo dæmi séu tekin, um hvernig gera megi vinnuumhverfið öruggt og ánægjulegt.
Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert	Ég hef gert mjög margt skemmtilet um ævina og eitt af því sem stendur upp úr er þegar ég ásamt Bjarna, manningum mínum, fór í pílgrímsferð til Rómar sem m.a.

Jón Bö (Böðvarsson) og Tryggvi Sigurbjörnsson stýrðu af mikilli snilld. Keyrt var frá Zürich til Rómar eftir leið Nikulásar ábóta sem fór fótgangandi þessa leið á 12. öld og var þar af leiðandi miklu lengur á leiðinni en við. Engu að síður var leitast við að gista á svipuðum slóðum og ábótinn fór sem þýddi að m.a. að gist var í klaustrum og „kærleiksheimilum“ sem var ótrúlega skemmtileg upplifun. Hópurinn sem fór í þessa ferð var einstaklega skemmtilegur og samhentur. Ferðin í heild var þvítíkur fróðleikur því ekki var nóg með að við hefðum setið í tímum fyrir ferðina heldur miðluðu ferðafélagarnir stöðugt af sínum fróðleik á leiðinni. Ein af skemmtisögnum fær að fljóta hér með: Aðfarfarnótt 18. júní gistum við í klaustri nálægt Flórens. Þar sem þetta var þjóðhátíðardagurinn þótti við hæfi að kaupa rauðvín af nunnunum og sitja úti í garði um kvöldið og kyrja ættjarðarsöngva. Þegar fólk fór að drífa sig í háttinn varð uppi fótur og fit í einu herbergjanna. Þannig vildi til að klaustrið bauð eingöngu upp á 3-5 manna herbergi svo að konur sváfu sér og karlar sér. Í ljós kom um kvöldið að af einhverjum ástæðum var ég bara ein í herbergi, svo að Bjarni, sem hafði fengið úthlutað rúmi hjá nokkrum körlum, ákvað að deila herbergi með kvinnu sinni. Þegar hann kom ekki til herbergis síns og komið var fram á nótt fóru samferðarmenn hans út að leita (í lokuðum klausturgarðinum) því þeir héldu að hann hefði sofnað einhvers staðar undir runna. Það kom svo ekki í ljós fyrr en morguninn eftir hvernig málum var háttað – samferðarmönnum til mikils léttis.